

SIÐAREGLUR VERKÍS

Verkís gerir sér grein fyrir samfélagslegu mikilvægi sínu sem þekkingarfyrirtæki og hefur á þeim grundvelli sett sér eftirfarandi siðareglur sem ná til innri og ytri starfsemi fyrirtækisins.

Tilgangurinn er að sporna við spillingu, draga fram samfélagslega ábyrgð starfseminnar og skerpa á þeim siðferðislegu viðmiðum sem Verkís leggur áherslu á í störfum sínum.

Siðareglur þessar haldast í hendur við gildi Verkís, sem eru:

Heilindi - metnaður - frumkvæði.

STARFSHÆTTIR

- Við leysum störf okkar samviskusamlega af hendi í samræmi við gott siðferði, heiðarleika og ábyrgð og stuðlum þannig að virðingu og góðu orðspori Verkís.
- Við leggjum okkur fram við að eiga jákvæð, hreinskilin og heiðarleg samskipti við samstarfsfólk, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.
- Við virðum trúnað og gætum þagnmælsku gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.
- Við höldum í heiðri persónuverndarsjónarmið við vinnslu upplýsinga sem okkur er trúnað fyrir.
- Við forðumst hagsmunaárekstra og gætum að hlutleysi í störfum okkar.

ÞEKking OG MIÐLUN

- Við endurnýjum faglega þekkingu okkar og færni þannig að þjónusta okkar sé ávallt sú besta sem völ er á hverju sinni.
- Við leitumst við að miðla þekkingu til hagsmunaaðila og samfélagsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

- Við leggjum áherslu á gagnsæi við allar ákvarðanatökur er varða starfsemina.
- Við styðjum og virðum mannréttindi og viðurkennum mikilvægi þeirra.
- Við leggjum okkur fram við að leita lausna og veita þjónustu sem samræmist meginviðmiðum um sjálfbæra þróun.
- Við höfum að leiðarljósi að hvetja til aukinnar samfélagslegrar vitundar og ábyrgðar og leggjum þannig áherslu á að sporna við óviðeigandi háttsemi.
- Við virðum réttarríkið og viðurkennum að fylgni við lög og aðrar réttarreglur er ófrávíkjanleg.

EFTIRFYLGNI

- Stjórnendur Verkís hvetja starfsfólk og aðra hagsmunaaðila til að ástunda siðferðislega og samfélagslega ábyrga háttsemi og tilkynna um óviðeigandi athafnir verði þeir varir við slíkt innan sem utan vinnustaðarins.
- Stjórnendur Verkís sjá til þess að siðareglur þessar séu kynntar, sýnilegar og þeim framfylgt.

Samþykkt af stjórn 20. maí 2025

F.h. Verkís



Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri

Siðareglur þessar byggja m.a. á siðareglum FRV, FIDIC, VFÍ, ISO 26000 og almennt viðurkenndri háttsemi.